



Borgarráð

### ***Bergþórugata 18, úthlutun lóðar og sala byggingarréttar***

Óskað er eftir að eftir að borgarráð samþykki að úthluta Landslögnum ehf., kt. 430304-3640, Hyrjarhöfða 2, 110 Reykjavík, um 360 fermetra íbúðarhúsalóð við Bergþórugötu 18 og selja byggingarrétt að 216 fermetrum ofanjarðar fyrir 21.100.388 kr. Verð byggingarréttar ákvarðast skv. niðurstöðu útboðs sem lauk 10. apríl 2019, en tilboðsgjafar með hærra tilboð hafa fallið frá tilboði sínu. Auk greiðslu fyrir byggingarrétt greiðast um 2.667.384 kr. í gatnagerðargjöld. Fjárhæð gatnagerðargjalda getur breyst til hækkunar eða lækkunar við álagningu þeirra við innlögn byggingarnefndateikninga. Kaupverð byggingarréttar og áætlaðra gatnagerðargjalda er alls 23.767.772 kr.

Greiðslufrestur er 45 dagar frá samþykki borgarráðs á kauptilboði. Verði ekki af greiðslu kaupverðs byggingarréttarins í samræmi við ofangreint innan tilskilins frests getur það varðað riftun á sölu byggingarréttarins og afturköllun á úthlutun lóðar. Sama á við ef framkvæmdafrestir eru ekki virtir.

Lóðarhafi á ekki rétt á því að skila umræddri lóð aftur til Reykjavíkurborgar gegn endurgreiðslu lóðarverðsins sbr. lokamálslið greinar 1.14. í almennum lóða og framkvæmdaskilmálum frá því í júní 2013. Lóðarhafa er heimilt að framselja rétt sinn með leyfi borgarráðs þar til lóðarleigusamningur hefur verið gefinn út. Eftir að lóðarleigusamningur hefur verið gefinn út er framsal lóðarinnar frjálst.

Tengigjöld fráveitu og önnur heimlagnagjöld innheimt af Veitum ohf. skv. gjaldskrá.

Ef samþykktar verða stærri byggingar á lóðinni en sem nemur viðmiðunarstærð gatnagerðargjalds á lóðinni skulu byggingaleyfishafar greiða auk viðbótargatnagerðargjalds, uppreiknað kaupverð byggingarréttarins fyrir þá fermetra sem bætast við núverandi byggingarheimildir skv. samþykktu deiliskipulagi sem gildir í dag. Skipulagsbreyting að ósk lóðarhafa leiðir aldrei til lækkunar söluverðs byggingarréttar.

Lóðin er afhent í núverandi ástandi sem lóðarhafi hefur kynnt sér og sættir sig við.

Að öðru leyti gilda um lóðina úthlutunar- og útboðsskilmálar fyrir sölu byggingarréttar á lóðinni Bergþórugötu 18, almennir lóða- og framkvæmdaskilmálar frá júní 2013, sjá [https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol\\_thjonustulytingar/2015uthlutunarskilmalar\\_almennir\\_loda\\_og\\_framkvaemdaskilmalar\\_02072015-1.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulytingar/2015uthlutunarskilmalar_almennir_loda_og_framkvaemdaskilmalar_02072015-1.pdf), og deiliskipulag fyrir Skólavörðuholt, sem tók gildi með auglýsingu í B-deild þann 6. júlí 2018.

Nánari ákvæði verða sett um leigu fyrir lóðina í lóðarleigusamningi. Lóðarleigusamningur verður gerður við lóðarhafa þegar lóðin er greidd.

Óli Jón Hertervig